

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/2016 um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist einn töluliður:

6. Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/775 frá 18. maí 2016 um viðmiðun vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21ali, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2016 frá 2. desember 2016. Ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, 2017/EES/24/03, bls. 16–17.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/775 frá 18. maí 2016 um viðmiðun vegna úthlutunar heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds til umráðenda loftfara skv. 5. mgr. 3. gr. f í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21ali, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2016 frá 2. desember 2016.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. mgr. 18. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. september 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.